

JELK er nafn á verkefni sem vill vekja athygli á játningarbundinni evangelísk-lúterskri kristni, sem og að halda uppi kirkjustarfi á þeim grundvelli. Kristur krossfestur fyrir syndir okkar, og upprisinn frá dauðum til réttlætningar okkar, er miðdepill boðunarinnar. Við bindum okkur við þær játningar lútersku kirkjunnar sem fram koma í Samlyndisbókinni.

Starf okkar haustið 2023 hefur þrjár megin áherslur: Messuhald, margmiðlun og Biblíulestrar.

Messuhald



Messur okkar eru haldnar á uþb sex vikna fresti haustið 2023 í Friðrikskapellu, en frá áramótum er stefnt að því að halda messur mánaðarlega. Miðdepill messunnar er upplestur á orði Guðs og prédikun út frá því. Annar hápunktur messunar er altarissakramentið. Nánari upplýsingar og yfirlit yfir helgisiði má nálgast stafrænt á jelk.is/messuskra

Biblíulestrar

Biblíulestrar verða haldnar annan hvern þriðjudag kl 19:00 á Zoom (í sléttum vikum). Hægt er að tengjast biblíulestrunum með því að opna forritið Zoom (www.zoom.us), og stimpla inn eftirfarandi upplýsingar:

Meeting ID: 892 1454 6933
Passcode: jelk

Margmiðlun

Vefsíðan jelk.is er efnisveita og upplýsingamiðill verkefnisins. Á síðunni er að finna greinar og myndskreið um grundvallaratriði trúarinnar, fræðslu- og ítarefni, sem og upptökur af prédikunum.

Okkur er einnig að finna á Facebook og YouTube, á eftirfarandi slóðum. Hjálpið okkur endilega að koma þessum síðum á framfæri, með því að „Líka við“ og gerast áskrifandi.

fb.com/JatningELK
youtube.com/@jelk_is

Trúfræðsla

Í haust verður boðið upp á grundvallartrúfræðslu á fimmtudagskvöldum á Zoom. Farið verður yfir megin frásögn Biblíunnar sem og grundvallaratriði fræðanna. Einnig verður litið á köllun Guðs til okkar í kirkju og daglegu lífi. Áhugasamir þurfa að skrá sig með því að senda tölvupóst til sakarias.ingolfsson@lkn.no.

Útvarp



Þættirnir „Undirbúningur fyrir Sunnudag“ þar sem farið er yfir ritningarlestra og guðspjall næstkomandi sunnudags verða aftur á dagskrá Lindarinnar í haust. Fylgist með á jelk.is og á lindin.is til að fá nánari upplýsingar um dagskrána.

Prestnám



Við erum að leita að ungum mönnum sem vilja taka við köllun Drottins um að predíka orð Guðs og úthluta sakramentunum í þjónustu prests, annað hvort hjá okkur eða í samstarfskirkju. Prestnám okkar, Ad-Fontes, er viðbót við venjulegt guðfræðinám sem venjulega fer fram á kristniboðsskóla NLM á Fjellhaug í Osló, en einnig kemur til greina fjarnám á ensku. Námið leggur áherslu á trúnað við ritninguna, og þáttakendur fá reglulega þjálfun í textavinnu, námsferðir m.a. til Ísrael, starfsþjálfun í söfnuði og fara eitt ár í skiptinám til Bandaríkjanna eða Kanada.

Áhugasamir hafi samband við Sakarías Ingólfsson í síma 839 3993 eða á tölvupósti sakarias.ingolfsson@lkn.no

Samstarfs- og styrktaraðilar

Den Lutherske Kirke i Norge og Island (www.lkn.no) er aðal aðstandandi þessa verkefnis. Meðal annara samstarfsaðila eru einstaklingar og söfnuðir innan íhaldssamra lúterskra kirkjudeilda, m.a. AALC og LCMS. Við eigum einnig samstarf við Lutheran Hour Ministries (www.lhm.org).

Prestur verkefnisins er Sakarías Ingólfsson, sem einnig þjónar sem Sóknarprestur Messíaskirkjunnar í Osló í Noregi.

www.jelk.is


fb.com/JatningELK
youtube.com/@jelk_is
sakarias.ingolfsson@lkn.no - 839 3993

Haustönn '23

Dagskrá


Þriðjudagur, 1. ágúst kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

Þriðjudagur, 15. ágúst kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

 **Sunnudagur, 20. ágúst kl 11:00**
Guðsþjónusta í Friðrikskapellu.


Þriðjudagur, 29. ágúst kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

Þriðjudagur, 12. sept kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

 **Sunnudagur, 17. sept kl 11:00**
Guðsþjónusta í Friðrikskapellu.

Þriðjudagur, 26. sept kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.


Þriðjudagur 10. okt kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

 **Sunnudagur, 22. okt kl 11:00**
Guðsþjónusta í Friðrikskapellu.

Þriðjudagur, 24. okt kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

Þriðjudagur, 7. nóv kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

Þriðjudagur, 21. nóv kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

 **Sunnudagur, 3. des kl 11:00**
Guðsþjónusta í Friðrikskapellu.

Þriðjudagur, 5. des kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.

Þriðjudagur, 19. des kl 19:00
Biblíulestur á Zoom.